

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 315/1994.

Andri hf.

Guðjón Oddsson

Gunnar Ólafsson

Haraldur Haraldsson

Jóhann J. Ólafsson

Jón Ólafsson

Sigurður G. Guðjónsson

Sigurjón Sighvatsson

Útherji hf.

V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf.

Þorri hf. og

Þorvaldur K. Þorsteinsson

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

Dekkjahúsinu hf.

Ólafi Njáli Sigurðssyni og

Sólningu hf.

(Othar Örn Petersen hrl.)

Kærumál. Lögbann. Hlutfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júní 1994, sem barst réttinum 5. júlí sl. Kæruheimild er 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðilar, hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign þeirra í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, samkvæmt hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að varnar-

aðilar ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila. Einnig er þess krafist, að lagt verði fyrir sýslumanninn að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðilum skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að lögbanni verði hafnað gegn því, að þeir leggi fram tryggingu samkvæmt ákvörðun sýslumanns vegna hugsanlegs tjóns sóknaraðila. Til þrautavara er þess krafist, að lögbannið verði takmarkað við það, að varnaraðilar ráðstafi eignarhlutum sínum í Sýn hf. til þriðja aðila. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Mál þetta var munnlega flutt samkvæmt heimild í 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Eftir uppsögu hans 24. júní sl. var boðað til hluthafafundar 2. júlí. Þar var umboð þáverandi stjórnar félagsins afturkallað og ný stjórn kjörin. Hluthafafundur var haldinn á ný 13. júlí, og voru þar samþykktar svofelldar tillögur meiri hluta stjórnarmanna:

„1. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun á sölu hlutabréfs Íslenska útvarpsfélagsins hf. í Sýn hf., sem samþykkt var á stjórnarfundum félagsins þann 10. júní 1994.

2. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun starfslokasamnings Íslenska útvarpsfélagsins hf. við Pál Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóra félagsins.

3. Hluthafafundurinn samþykki, að Íslenska útvarpsfélagið hf. hafi uppi skaðabótakröfu á hendur fyrrum stjórnarmönnum félagsins sem stóðu að ákvörðun um sölu hlutabréfs félagsins í Sýn hf. og starfslokasamningi við fyrrum útvarpsstjóra, þeim Ingimundi Sigfússyni, Jóhanni Óla Guðmundssyni, Ásgeiri Bolla Kristinssyni, Stefáni Gunnarssyni, Þorgeiri Baldurssyni, fyrrum varastjórnarmönnum Gunnsteini Skúlasyni og Ólafi Njáli Sigurðssyni og Páli Magnússyni, fyrrum útvarpsstjóra, vegna þess tjóns sem félagið kann að hafa orðið fyrir eða kann að verða fyrir vegna sölu hlutabréfsins og starfslokasamningsins.“

II.

Að hlutafélagalögum nr. 32/1978 fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því, sem lög og samþykktir þess ákveða, og fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum, sbr. 63. gr. laganna. Fundir þessir eru jafnframt eini vettvangurinn, þar sem hluthafar geta beitt ákvörðunarvaldi sínu. Hluthafafundur getur tekið fyrir sérhvert málefni, sem félagið varðar, og gert um það ályktun, og ber þá stjórn félagsins að fara eftir því. Félagsstjórn ber að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins, sbr. 60. gr. laganna, sem hljóðar svo:

„Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.“

Stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hf. hafði í júlí 1993 að fyrirlagi útvarpsréttarnefndar boðið hluthöfum félagsins til kaups 80% hlutfjáreignar félagsins í Sýn hf. í hlutfalli við hlutafjáreign viðkomandi í hinu fyrrnefnda félagi. Salan fór fram, og var enginn ágreiningur um hana meðal hluthafa. Engin ákvörðun var tekin um að selja þau 20%, sem félagið átti enn eftir í Sýn hf., og verður ekki séð, að slík ráðstöfun hafi verið til umræðu í félaginu. Meiri hluti stjórnar félagsins hugðist taka þá ákvörðun á stjórnarfundi 10. júní sl. að selja þessa hlutafjáreign félagsins í Sýn hf. og bjóða ekki kaupin eftir sömu jafnræðisreglu og gætt hafði verið við sölu á þeim 80%, sem seld höfðu verið árið áður. Þessarar fyrirhuguðu ráðstöfunar, sem telja verður mikilvæga, var þó ekki getið í dagskrá, sem boðað var með til fundarins.

Á stjórnarfundi þessum lá fyrir, að skilyrðum 68. gr. hlutafélagalaga um hluthafafund var fullnægt, þar sem krafa um slíkan fund frá hluthöfum, sem réðu yfir meira en 10% hlutafjár, var fram komin.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að hluthafar þeir, sem kröfðust þess að fá málefnið um sölu hlutabréfaeignarinnar tekið

fyrir á hluthafafundi samkvæmt 69. gr., hafi átt rétt á því. Er þá einkum litið til þess, að sala hlutabréfanna samkvæmt fram komnum tilboðum gat verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 60. gr. laganna. Í máli þessu verður ekki tekin afstaða til þess, hvað viðsejendur um hlutabréfin vissu eða máttu vita um heimildir stjórnarinnar til ráðstöfunar bréfanna.

Samkvæmt þessu verður að telja skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fullnægt, til þess að lögbannskrafa sóknaraðila megi ná fram að ganga, enda eiga ákvæði 3. mgr. 24. gr. ekki við í máli þessu. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og taka kröfur sóknaraðila til greina.

Rétt þykir, að varnaraðilar greiði in solidum sóknaraðilum 120.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Lagt er fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðilar máls þessa, Dekkjahúsið hf., Ólafur Njáll Sigurðsson og Sólning hf., hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjäreign þeirra í Sýn hf. samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjäreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum, og ráðstafi hlutafjäreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.

Enn fremur er lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður á lagt, hvort varnaraðilum skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.

Varnaraðilar greiði in solidum sóknaraðilum, Andra hf., Guðjóni Oddssyni, Gunnari Ólafssyni, Haraldi Haraldssyni, Jóhanni J. Ólafssyni, Jóni Ólafssyni, Sigurði G. Guðjónssyni, Sigurjóni Sighvatssyni, Útherja hf., V. Sigurðssyni og Snæbjörnssyni hf., Þorra hf. og Þorvaldi K. Þorsteinssyni, sam-

tals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1994.

I.

Máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 22. þ. m., var skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur með erindi, mótteknu 16. þ. m. Krafist er úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 14. þ. m. um synjun lögbanns í lögbannsmálinu nr. L-43/1994.

Sóknaraðilar eru Andri hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík, V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf., kt. 670269-3889, Sundaborg 14, Reykjavík, Jón Ólafsson, kt. 060854-5219, Stigahlíð 82, Reykjavík, Guðjón Oddsson, kt. 200639-7319, Birkihæð 10, Garðabæ, Sigurjón Sighvatsson, kt. 150652-2789, North Avenue, L. A., Kaliforníu, Bandaríkjunum, Jóhann J. Ólafsson, kt. 080435-7469, Kleifarvegi 5, Reykjavík, Haraldur Haraldsson, kt. 131144-2459, Eyktarási 26, Reykjavík, Sigurður G. Guðjónsson, kt. 081151-3189, Lækjarási 7, Reykjavík, Útherji hf., kt. 570792-2459, Lækjarási 7, Reykjavík, Þorri hf., kt. 480289-1029, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, Gunnar Ólafsson, kt. 190838-4399, Eikjuvogi 13, Reykjavík, og Þorvaldur K. Þorsteinsson, kt. 051151-2679, Reynihlíð 9, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Ólafur Njáll Sigurðsson, kt. 220558-5689, Fannafold 34, Reykjavík, Dekkjahúsið, kt. 580292-2249, Skeifunni 11, Reykjavík, og Sólning hf., kt. 700169-0149, kt. Smiðjuvegi 32-34, Kópavogi.

Dómkröfur sóknaraðila eru eftirfarandi:

1. Að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 14. júní 1994 að hafna kröfum gerðarbeiðanda um, að lögbann verði felld úr gildi með úrskurði og lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við því, að varnaraðilar máls þessa, hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjäreign þeirra í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjäreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að gerðarþolar ráðstafi hlutafjäreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.
2. Að með úrskurði í máli þessu verði lagt fyrir sýslumann að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðilum skuli gert skylt að afhenda sýslumanni hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.
3. Að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða sóknaraðilum hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði ákvörðun sýslumanns-

ins í Reykjavík 14. júní 1994, að kröfu sóknaraðila um lögbann verði hafnað.

Til vara er þess krafist, að lögbanni verði hafnað, gegn því, að varnaraðilar leggi fram tryggingu skv. ákvörðun sýslumanns vegna hugsanlegs tjóns sóknaraðila.

Til þrautavara er þess krafist, að lögbannið verði takmarkað við, að varnaraðilar ráðstafi eignarhlutum sínum í Sýn hf. til þriðja aðila.

Að endingu er þess krafist, að sóknaraðilar verði dæmdir til þess að greiða varnaraðilum hæfilegan kostnað vegna reksturs máls þessa.

II.

Málsatvik.

Lögbannskrafa sú, sem hér er til umfjöllunar, er dagsett 10. þ. m., en móttækin af sýslumanninum í Reykjavík 11. þ. m. Athafnir þær, sem krafist er lögbanns við, eru eftirfarandi:

„að gerðarþolar, hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjäreign þeirra í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, sem er skv. einu hlutabréfi, nr. 72, fyrir tveimur milljónum hluta. Hlutabréfið eignuðust gerðarþolar með samningi og fyrir framsal frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. fyrr í dag, en sú hlutafjäreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að gerðarþolar ráðstafi hlutabréfinu til þriðja aðila. Þá er þess krafist, að umrætt hlutabréf verði tekið úr vörslum gerðarþola.“

Í lögbannsmáli þessu er deilt um sölu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á 20% hlutafjár í Sýn hf. til varnaraðila. Fyrirnefnda félagið átti um skeið allt hlutfé í Sýn hf., en samkvæmt ákvörðun sjónvarpsstjóra, sem staðfest var á stjórnarfundum 19. júlí 1993, voru 80% hlutafjárins seld hluthöfum Íslenska útvarpsfélagsins hf., en félagið átti áfram 20% hlutafjárins.

Sóknaraðilar máls telja sig vera eigendur meiri hluta hlutafjár í Íslenska útvarpsfélaginu hf. Meðal þeirra eru tveir af sjö stjórnarmönnum félagsins og þrír varastjórnarmenn.

Sóknaraðilar halda því fram, að þeir hafi tekið höndum saman um að standa sameiginlega að stjórn félagsins. Nokkrir sóknaraðilar sendu stjórnarformanni félagsins skeyti 1. júní sl. og kröfðust hluthafafundar og að á dagskrá þess fundar yrði að leysa núverandi stjórn frá störfum og kjósa aðra í hennar stað.

Boðað var til stjórnarfundar í félaginu með bréfi 7. þ. m. sl., og var fundartími ákveðinn 10. þ. m. kl. 15.00. Samkvæmt fundarboði var á dagskrá fundarins fundargerð síðasta fundar, boðun hluthafafundar og önnur mál.

Öll stjórnin að undanskildum Jóni Ólafssyni sat fund þennan, en vara-
maður Jóns, Sigurður G. Guðjónsson, tók sæti hans. Þá sátu fundinn út-
varpsstjóri félagsins, fjármálastjóri og ritari auk Ásgeirs Þórs Árnasonar
lögmanns.

Á fundinum kynnti stjórnarformaður þrjú tilboð í 20% hlutafjäreign fé-
lagsins í Sýn hf. frá 1. þ. m. Áður en tilboðin voru lesin upp, afhenti Sig-
urður G. Guðjónsson stjórnarformanni bréf frá nokkrum hluthöfum með
kröfu um, að á dagskrá hluthafafundar, sem taka ætti ákvörðun um að
halda, yrði tekinn upp sérstakur og/eða sérstakir dagskrárliðir varðandi
heimild stjórnar félagsins til að selja eða ráðstafa með öðrum hætti hluta-
bréfaeign félagsins í Sýn hf. og sjálfu sér. Í bréfinu kom fram, að þessir aðil-
ar réðu liðlega 282 milljónum af 548 milljónum króna virku hlutafé fé-
lagsins. Kauptilboðin voru síðan kynnt og lesin upp, og reyndust þau vera
frá varnaraðilum þessa máls. Boðið var í bréfið nafnverð þess, 2.000.000
króna, sem skiptist þannig, að Ólafur Njáll og Sólning hf. buðu í 700.000
króna hlut hvor aðili og Dekkjahúsið í 600.000 króna hlut. Sigurður G.
Guðjónsson óskaði eftir, að málið yrði lagt fyrir hluthafafund, en þrátt fyrir
mótmælin voru greidd atkvæði um kauptilboðin og samþykkt með atkvæð-
um fimm stjórnarmanna að ganga að þeim. Sama dag var hlutabréf nr. 72 í
Sýn hf., að nafnvirði 2.000.000 króna, framselt varnaraðilum málsins með
undirritun stjórnarmannanna Ingimundar Sigfússonar, Jóhanns Óla Guð-
mundssonar, Ásgeirs Bolla Kristjánssonar, Þorgeirs Baldurssonar og Stef-
áns Gunnarssonar. Síðar sama dag framseldu varnaraðilar Jóhannesi Torfa-
syni hluta bréfsins, 1.850.000 hluti, en héldu eftir 50.000 hlutum hver.

Sóknaraðilar hafa óskað eftir, að viðskiptaráðherra boði til hluthafafund-
ar í Íslenska útvarpsfélaginu á grundvelli heimildar í 2. mgr. 70. gr. hlutafé-
lagalaga og að á boðaðri dagskrá fundarins verði m. a. afturköllun umboðs
núverandi stjórnar félagsins, kosning nýrrar stjórnar, ráðstöfun stjórnarinn-
ar á hlutabréfum í Sýn hf. og tillaga um málshöfðun á hendur þeim stjórnar-
mönnum, sem stóðu að sölu bréfanna, ásamt þeim Gunnsteini Skúlasyni,
Ólafi Njáli Sigurðssyni og Páli Magnússyni sjónvarpsstjóra.

III.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður sóknaraðila eru eftirfarandi:

1. Að ákvörðun meiri hluta félagsstjórnar að selja umrætt hlutabréf hafi
verið ólögmat samkvæmt 69. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 og gróft
réttarbrott gagnvart eigendum meiri hluta hlutafjár, þar sem fram var
komin krafa fulltrúa þeirra um, að ákvörðun um söluna yrði tekin á

hluthafafundi. Telja sóknaraðilar rétt hluthafa til að bera mál undir hluthafafund einskis virði, ef stjórn félagsins er heimilt, eftir að krafa um hluthafafund er fram komin, en áður en hann hefur verið haldinn, að ráðstafa með óafturkallanlegum hætti því álitaefni, sem krafan um hluthafafund lýtur að.

2. Að óheimilt hafi verið að taka ákvörðunina á stjórnarfundinum 10. júní, þar sem það málefni var ekki á boðaðri dagskrá. Telja sóknaraðilar það andstætt viðurkenndum meginreglum félagaréttar að taka ákvörðun um svo mikilvægt málefni, sem ráðstöfun tveggja milljóna hlutar í Sýn hf. er, með þessum hætti.
3. Að ráðstöfun hlutafjáreignar félagsins í Sýn hf. til varnaraðila, sem séu allir hluthafar í félaginu, sé bersýnilega fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum í félaginu meirihlutaðstöðu í Sýn hf. á kostnað annarra hluthafa. Þá hafi bréfin verið seld langt undir raunvirði, eins og ummæli stjórnarformanns félagsins í bréfi til hluthafa 20. júlí 1993 og kaupverð félagsins á bréfunum á árinu 1990 og 1991 gefi til kynna. Með þessari ráðstöfun hafi stjórnarmenn verið að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa og félagsins, og hafi hún því sýnilega verið andstæð 60. og 61. gr. hlutafélagalaga. Engin réttmæt rök hafi verið færð fyrir þessari ákvörðun.

Eins og fram komi í skjölum málsins, séu kaupendur hlutabréfsins í Sýn hf. þannig tengdir þeim meiri hluta stjórnar, sem kaupin ákvað, að enginn vafi geti leikið á, að kaupin séu andstæð 56. gr. hlutafélagalaga.

4. Að varnaraðilar hafi með framsali á stærstum hluta bréfsins sama dag og þeir eignuðust það sýnt, að þeir muni neyta hverra þeirra úrræða, sem þeim sýnist, til að hindra, að bréfið komist í hendur rétts eiganda, jafnvel þótt dómur gangi um, að kaupin hafi verið ólögmat og riftanleg. Af þeim sökum og þar sem látið verði reyna á lögmæti kaupanna fyrir dómstólum, sé óhjákvæmilegt að fá lögbann við hagnýtingu bréfsins, þar til dómur gengur.
5. Að ljóst sé af gögnum málsins, að sala umrædds hlutabréfs til varnaraðila hafi verið ólögmat og að með henni hafi verið brotið gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Hagnýting varnaraðila á rétti hluthafa samkvæmt hlutabréfinu feli þannig í sér réttarbrot gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Þar sem hagnýtingin sé yfirvofandi, verði ekki réttilega brugðist við því nema með lögbanni, en öll skilyrði lögbannskröfu skv. 24. gr. laga nr. 31/1991 séu uppfyllt.
6. Að hagsmunir þeirra af því að fá lagt lögbann við umræddri háttsemi séu stórum meiri en hagsmunir varnaraðila af synjun. Enginn ágrein-

ingur hafi verið um það í félaginu fyrir sölu, að bréfið skyldi vera áfram í eigu félagsins, en ráðstöfunin geri hins vegar tilteknum mönnum kleift að komast í meirihlutaaðstöðu í Sýn hf., sem þeir hefðu annars ekki haft möguleika á.

Sóknaraðilar vísa til bréfs stjórnarformanns félagsins og sjónvarpsstjóra f. h. stjórnarinnar frá 20. júlí 1993 til hluthafa, þar sem fjallað er um ráðstöfun á 80% hlutfjár í Sýn hf. og hluthöfum boðið það hlutafé í Sýn hf. í hlutfalli við hlutfjáreign þeirra í félaginu. Í bréfinu segir, að með því yrði dreifing á eignarrétti að hlutafé félagsins og þau verðmæti, sem ætla mætti, að væru fölgín í hlutafé Sýnar umfram söluverðið, lent þá í höndum réttra aðila, þ. e. eigenda Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.

Sóknaraðilar telja bréfið innihalda loford um, að þau miklu verðmæti Sýnar umfram nafnverð bréfanna, sem augljóslega hafi verið fyrir hendi, yrðu meðhöndluð eftir jafnræðisreglu, sem fólst í því að gefa hluthöfum kost á að eignast hlutfallslega jafnstóran hlut í báðum félögunum. Einnig er bent á, að áður en bréf þetta hafi verið sent út, hafi hlutafé í Sýn hf. verið fært niður í 10.000.000 krónur. Sóknaraðilar telja, að ákvörðun stjórnarfundarins um sölu hlutabréfsins hafi verið réttarbrott vegna þess lofords stjórnar, sem fram hafi komið í fyrrnefndu bréfi.

7. Sóknaraðilar telja óhjákvæmilegt, að lögbannið verði svo víðtækt, að það komi í veg fyrir, að varnaraðilar ráðstafi hlutabréfinu til þriðja aðila, þar sem það væri ella innihaldslaust.
8. Krafa sóknaraðila um, að lagt verði fyrir sýslumann að taka hlutabréfið úr vörslum varnaraðila, er á því reist, að þeim sé ekki treystandi til að misfara ekki með bréfið, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1990.
9. Sóknaraðilar telja varnaraðila byggja rétt sinn á löggerningi, sem beinlínis feli í sér réttarbrott gagnvart sér, og augljóst sé af gögnum málsins, að varnaraðilum hafi verið um það réttarbrott kunnugt, þegar kaupin hafi verið gerð. Þegar byrjuð eða yfirvofandi framhald hagnýtingar á þeim réttindum, sem varnaraðilar hafi þannig öðlast, sé augljóslega þess háttar réttarbrott gagnvart sóknaraðilum, að brýna nauðsyn beri til að leggja lögbann við því, að meira verði gert í þeim efnum, áður en dómstólar hafi fengið að taka afstöðu til riftunar á umræddum löggerningi. Skaðabætur eða trygging geti ekki komið í stað lögbannsins, enda hafi sóknaraðilar ekki áhuga á skaðabótum, heldur aðeins því að koma ástandinu í fyrra horf og tryggja með lögbanni óbreytt ástand, meðan dómstólar fjalli um málið.

Málsástæður varnaraðila eru eftirfarandi:

1. Að stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hf., sem fari með æðsta vald í mál-

efnum félagsins milli hluthafafunda, hafi með lögformlegum hætti samþykkt tilboð um kaup hlutabréfanna. Stjórnin sé eini aðilinn, sem bær sé að taka slíka ákvörðun, nema bein fyriræli liggi fyrir frá hluthafafundi. Stjórnin hafi því haft fulla heimild til að taka ákvörðun um söluuna, enda hafi ákvörðun um sölu á 80% hlutafjár í Sýn hf. verið tekin á stjórnarfundi og sala á 20% teljist að auki minni háttar ákvörðun. Stjórnin hafi auk þess rúmar heimildir til að taka ákvarðanir, sem byggjast á viðskiptalegum forsendum.

2. Að fullkomlega gild rök hafi legið til grundvallar ákvörðuninni, en forsenda söluunnar hafi verið að bæta ímynd félagsins og tryggja hag hluthafa, þar sem verðmæti Sýnar hf. felist fyrst og fremst í þeirri sjónvarpsrás, sem hafi verið úthlutað félaginu.
3. Að kaupsamningurinn um bréfin og framsal réttindanna sé bindandi fyrir félagið gagnvart varnaraðilum, þar sem þeir, sem að söluinni stóðu, hafi haft fullkomið umboð skv. samþykktum félagsins og hlutafélagalögum til að binda félagið við gerninginn.
4. Að varnaraðilar séu algerlega grandlausir um hugsanlegan heimildarskort stjórnar félagsins. Þeir hafi ekki setið stjórnarfundinn og ekki vitað, að verið væri að framfylgja ákvörðun, sem sætt hefði andstöðu á stjórnarfundinum og kynni að vera í andstöðu við hlutafélagalög. Sönnun skorti um hið gagnstæða.
5. Því er mótmælt, að einstakir hluthafar geti með beiðni um, að mál verði tekið fyrir á hluthafafundi, komið í veg fyrir, að stjórn félagsins geti tekið ákvarðanir um málefni félagsins. Einstakir hluthafar hafi ekki ákvörðunarvald í málefnum félagsins, heldur löglega boðaður hluthafafundur.
6. Að ekki sé að finna í hlutafélagalögum, samþykktum félagsins eða venjum í framkvæmd boðana hjá félaginu neinar reglur, sem mæli fyrir um það, að boða skuli til hluthafafundar með dagskrá. Um sölu á 80% hlutafjár í Sýn hf. hafi verið fjallað á stjórnarfundum undir liðnum Önnur mál.
7. Því er mótmælt, að með ákvörðun um sölu hlutabréfanna hafi meiri hluti stjórnar verið að afla hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Ráðstöfun þessari hafi fyrst og fremst verið ætlað að koma í veg fyrir, að félagið lægi undir gagnrýni fyrir að einoka sjónvarpsrásir, og jafnframt að tryggja, að Sýn hf. hefði yfir sjónvarpsrás að ráða í framtíðinni.

Ósannað sé, að raunvirði bréfanna hafi verið meira en söluverðið, en ársreikningur félagsins bendi ekki til þess. Staðgreiðsluverð bréfanna á

árunum 1990 og 1991 hafi verið langt undir 108 milljónum, þar sem greitt hafi verið fyrir með auglýsingabirtingum. Verðmæti bréfanna hafi minnkað, frá því er félagið keypti þau, vegna taprekstrar, sölu á vélum og tækjum, að andvirði 40.000.000 kr., og yfirtöku Íslenska útvarpsfélagsins á ýmsum viðskiptasamböndum. Þá séu eignir Sýnar hf. einkum í langtíma fjárfestingu, sem komi ekki til með að nýtast félaginu. Erfitt sé hins vegar að meta verðmæti útsendingarréttarins á VHF-rásinni, þar sem leyfinu sé úthlutað af útvarpsréttarnefnd, sem geti afturkallað það, og auk þess sé það bundið við félagið sjálft og því ekki seljanlegt.

8. Varnaraðilar séu í engum hagsmunatengslum við stjórnarmenn félagsins, sem leitt geti til vanhæfis stjórnarmanna til að taka ákvörðun um sölu hlutabréfa skv. 56. gr. hlutafélagalaga.
9. Einstakir hluthafar í félaginu geti ekki krafist ógildingar á samningum félagsins við þriðja mann og eigi því ekki lögvarinn rétt til að krefjast lögbanns, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Hagsmunir sóknaraðila sem hluthafa séu því engir eða í besta falli afleiddir, en hagsmunir varnaraðila af því að fá að nýta réttindi skv. bréfunum miklir.

10. Varnaraðilar telja gerðarbeiðendur hvorki hafa yfir að ráða meiri hluta atkvæða í félaginu nú né þegar ákvörðun stjórnar hafi verið tekin. Tilkynningar um, að Sigurjón Sighvatsson hefði keypt viðbótarhlutafé, bærust félaginu ekki fyrr en 3. og 6. þ. m., en samkvæmt samþykktum félagsins öðlist kaupandi ekki atkvæðisrétt fyrr en 15 dögum eftir, að kaup hafi verið tilkynnt.

Allsendis sé óvíst, hverjir muni fara með atkvæðisrétt í félaginu, þegar komi að næsta hluthafafundi, þar sem hlutabréf í félaginu gangi kaupum og sölum frá degi til dags. Því sé öllum fullyrðingum og sjónarmiðum um myndun nýs meiri hluta og minni hluta innan félagsins mót-mælt.

11. Bent er á reglur um mótbárutap og glötun eignarréttinda við framsal viðskiptabréfa, sbr. 23. gr. hlutafélagalaga.
12. Byggt er á því, að stjórnarmenn hlutafélags séu skv. 132. gr. hlutafélagalaga skaðabótaskyldir, ef talið verður, að þeir hafi sýnt af sér gáleysi og valdið félaginu tjóni, og geti þá félagið eða jafnvel einstakir hluthafar krafist skaðabóta úr þeirra hendi. Með því séu hugsanlegir hagsmunir sóknaraðila tryggðir.
13. Þá er byggt á því, að málið snúist um innri ágreining milli hluthafa í félaginu, sem óeðlilegt sé, að sýslumaður blandi sér í með lögbannsgerð. Leysa verði ágreininginn samkvæmt þeim heimildum, sem hlutafélaga-

lög geri ráð fyrir, þ. e. með því að krefja stjórnarmenn um skaðabætur eða óska eftir því, að þeir víki úr stjórn.

14. Með lögbandi yrði ekki unnt fyrir Sýn hf. að taka ákvarðanir um mál-efni, sem meira en 80% atkvæða þurfi til, og myndi það því hefta starfsemi félags, sem ekki eigi neina aðild að máli þessu.

IV.

Niðurstaða.

Heimilt er að bera mál þetta undir héraðsdóm, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, þarf gerðarbeiðandi að sanna eða gera sennilegt, að athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa við athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara förgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Hvert og eitt þessara atriða verða sóknaraðilar að sanna eða gera sennilegt.

Lögð hefur verið fram í málinu útskrift af hlutaskrá Íslenska útvarpsfélagsins hf. frá 13. júní sl., en samkvæmt henni voru sóknaraðilar þá skráðir fyrir 50,65% hlutafjár félagsins. Í ljósi þess, sem fram er komið í málinu, hefur verið gert sennilegt, að þeir hafi verið skráðir fyrir þessum hlutum, þegar stjórnarfundurinn fór fram 10. þ. m.

Í hlutafélagalögum eða samþykktum Íslenska útvarpsfélagsins hf. er ekki að finna fyrirmæli um, að stjórnarfundir skuli boðaðir með dagskrá. Á stjórnarfundum í félaginu 10. þ. m., þar sem hin umdeilda ákvörðun var tekin, var öll stjórnin mætt að því undanskildu, að Sigurður G. Guðjónsson sat fundinn sem varamaður Jóns Ólafssonar. Ákvörðun um sölu hlutabréfsins sætti mótmælum þeirra stjórnarmanna, sem eru aðilar þessa máls. Þótt fallast megi á, að ákvörðun þessi hafi verið nokkuð mikilvæg fyrir félagið, hefur ekki verið gert sennilegt, að það varði ógildingu hennar, að málefnið var ekki kynnt sérstaklega í boðaðri dagskrá, þar sem ekki verður annað séð en allir stjórnarmennirnir hafi haft nokkur tök á að fjalla um málið.

Telja verður, að stjórnarmönnum þeim, sem að ákvörðuninni stóðu, hafi mátt vera ljóst 10. þ. m., að þeir nytu ekki stuðnings þeirra aðila, sem áttu meiri hluta hlutafjár í félaginu. Það verður hins vegar ekki leitt af 69. gr. hlutafélagalaga, að það valdi eitt og sér ógildingu samningsins, að ósk hafi komið frá þessum nýja meiri hluta um, að hluthafafundur fjallaði um ráðstöfun bréfsins, enda sala og framsal bréfanna innan þeirra marka, sem formleg heimild stjórnarinnar náði til, sbr. 52., 55. og 58. gr. hlutafélagalaga og samþykktir félagsins.

Telja má það undirrót lögbannskröfunnar, að sóknaraðilar, sem ákveðið hafa að standa saman að nýjum stjórnarmeirihluta, óttist, að þeir hluthafar, sem nú hafa keypt 20% hlutafjár í Sýn hf., muni standa að stjórnarmeirihluta í því félagi með þeim aðilum, sem nú eru komnir í minni hluta í Íslenska útvarpsfélaginu hf. Þótt nokkur rök hafi verið færð fyrir, að svo muni fara, ef lögbann þetta nær ekki fram að ganga, hefur ekki verið sann- að eða gert sennilegt, að sá meiri hluti kom til með að vinna gegn fjárhags- legum hagsmunum Íslenska útvarpsfélagsins hf., einkum ef litið er til þess, að stærstu hluthafar Sýnar hf., sem þennan meiri hluta myndu skipa, eiga einnig mjög mikið hlutafé í Íslenska útvarpsfélaginu hf.

Dómurinn lítur svo á, að hagsmunir þeir, sem 56. og 60. gr. hlutafélaga- laga er ætlað að vernda, séu fyrst og fremst fjárhagslegir hagsmunir fé- lagsins sjálfs og hagsmunir hluthafa af háu markaðsverði hlutabréfa og góð- um arði, en ekki óljósir hagsmunir einstakra hluthafa af stjórnarsetu, völd- um og áhrifum í öðrum félögum.

Söluverð hlutabréfa í eigu félagsins er málefni, sem varðar hag félagsins og einstakra félagsmanna. Sóknaraðilar hafa reynt að leiða að því líkur, að verðmæti hlutafjárins í Sýn hf. hafi verið mun meira en nafnvirði bréfanna og þar með hafi salan verið bersýnilega til þess fallin að afla varnaraðilum, sem eru meðal hluthafa í Íslenska útvarpsfélaginu hf., ótilhlýðilegra hags- muna á kostnað bæði annarra hluthafa og félagsins. Sóknaraðilar telja verðmæti félagsins fyrst og fremst liggja í leyfi til sjónvarpsútsendinga á einni af fjórum svokölluðum VHF-sjónvarpsrásum. Þeir hafa bent á, að fé- lagið hafi keypt bréfin á 108.000.000 krónur á árunum 1990 og 1991. Þá vísa þeir til ummæla í bréfi stjórnarformanns félagsins til hluthafa 20. júlí 1993, þar sem þeim var boðið 80% hlutafé Sýnar hf., sem þá hafði verið fært nið- ur í 10.000.000 króna. Í bréfinu kemur fram, „að hlutafé félagsins og þau verðmæti, sem ætla má, að séu fólgin í hlutafé Sýnar umfram söluverð, lenda þá í höndum réttra aðila, þ. e. eigenda Íslenska útvarpsfélagsins hf.“ einkum vísað til ummæla.

Ekki liggur fyrir matsgerð eða önnur samsvarandi sönnun um mark- aðsverð hlutabréfsins, og ekki liggur fyrir, að tilboð hafi verið gert í það áð- ur. Þótt sóknaraðilar hafi leitt að því nokkrar líkur, að bréfin hafi verið seld undir raunvirði, benda ársreikningar Sýnar hf. fyrir árið 1993 og sala á vél- um og tækjum til hins gagnstæða, auk þess sem sjónvarpssendingar á VHF- rás eru háðar leyfi útvarpsréttarnefndar.

Með vísan til ummæla í greinargerð með lögum nr. 31/1990 verður ekki talið, að mikið svigrúm sé til að slaka á sönnunarkröfum um þau atriði, sem 1. mgr. 24. gr. setur að skilyrði fyrir beitingu lögbanns. Ekki þykir hafa ver-

ið gert nægjanlega sennilegt í lögbannsmáli þessu, að hlutabréfið hafi verið selt svo verulega undir markaðsverði, að ráðstafanir stjórnarinnar hafi verið bersýnilega fallnar til að afla ákveðnum hluthöfum hagsmuna á kostnað félagsins með þeim afleiðingum, að til ógildingar eða riftunar á samningnum geti leitt.

Af sömu ástæðum verður ekki talið, að gert hafi verið sennilegt, að þeir stjórnarmenn, sem stóðu að ákvörðuninni, hafi haft svo verulegra hagsmuna að gæta af sölu hlutafjárins umfram aðra hluthafa, að þeir teljist hafa verið vanhæfir til að standa að henni.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um þá hagsmuni, sem telja verður, að hlutafélagalög verndi, verður ekki séð, að brotið hafi verið gegn neinum þeim hagsmunum sóknaraðila, sem ekki verði bættir með skaðabótum úr hendi þeirra aðila, sem að ákvörðuninni stóðu, sbr. 132. gr. hlutafélagalaga. Fullnustu hugsanlegrar skaðabótakröfu má þá eftir atvikum tryggja með kyrrsetningu. Verður því einnig talið, að 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1991 girði fyrir framgang lögbannskröfunnar.

Að þessu virtu þykir skilyrðum lögbanns skv. 24. gr. laga nr. 31/1990 ekki vera fullnægt, og ber því að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík.

Rétt þykir, að varnaraðilar greiði óskipt sóknaraðilum samtals 60.000 krónur í málskostnað.

Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík er staðfest.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðilum 60.000 krónur í málskostnað.
